

Nr. 53.
20.
des.

Lög

um

viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði með nót.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Pilskipum má ekki án samþykkis landeiganda eða ábúanda leggja við festar að haustinu eða í vetrarlegu þar, sem tíðkast síldar- eða upsaveiði með nót, þannig, að þau á nokkurn hátt tálmi veiðinni. Sje það gjört, kærir landeigandi eða ábúandi fyrir lögreglustjóra, er kveður með sjer tvo kunnuga, óvilhalla menn, til að álíta, hvort skipið liggi svo, að það tálmi veiðinni. Úrskurði þeir, að svo sje, og annað jafntryggt lægi sje fáanlegt í nánd, er heimilt að færa skipið úr stað eptir tilvísun lögreglustjóra, svo framarlega að eigandi skipsins eða umsjónarmaður þess ekki gjörir það tafarlaust, eptir að honum hefur verið birtur úrskurðurinn.

2. gr.

Kostnað þann, sem leiða kann af færslu skipsins, skal skipseigandi greiða. Ferðakostnað lögreglustjóra og borgun fyrir álitsgjörðina greiðist af gjörðarbeiðanda samkvæmt 5. gr. laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og löggiltum kaupþúnum o. fl. 13. marz 1891.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. desember 1901.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Tillæg til Forordning for Island af 12te Februar 1872 om
Silde- og Graasejsfiskeri med Not.

Nr. 53.
20de
Decbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Dæksfartøjer maa ikke uden vedkommende Grundejers eller Brugsbesidders Samtykke fortøjes om Efteraaret eller indlægges til Winterleje paa et Sted, hvor Silde- eller Graasejsfiskeri med Not er almindeligt, saaledes at de paa nogen Maade ere til Hinder for Fiskeriet. Er det, indgiver Grundejeren eller Brugsbesidderen en Klage til Politimesteren, som tilkalder to sagkyndige, uvillige Mænd for at skønne, om Fartøjet ligger saaledes, at det hindrer Fiskeriet. Gaar deres Afgørelse ud paa, at det er Tilfældet, og en anden lige saa siffer Ankerplads kan faas i Nærheden, er det tilladt at flytte Fartøjet efter Politimesterens Anvisning, saafremt dets Ejer eller den, der har Opshyn med samme, ikke uden Ophold, efterat Afgørelsen er ham forkyndt, foretager Flytningen.

§ 2.

De med Fartøjets Flytning forbundne Omkostninger udredes af dets Ejer. Godtgørelse til Politimesteren for Rejseomkostninger og Betaling for Skønsforretningen udredes af vedkommende Rekvirent overensstemmende med Lov om Udvisning af Byggegrunde m. m. i Købstæder og paa autoriserede Handelssteder af 13de Marts 1891 § 5.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 20de December 1901.

Under Vort Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 20de December 1901.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.